# Miðvikudagur 27. desember

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Töfraglugginn.**
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Yngismær (45)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.15 **Á hljómleikum með U2.** Slegist í för með þessari heimsfrægu, írsku hljómsveit á tónleikum í desember '89. Þeir leika m. a. lög af nýjustu plötu þeirra „Rattle and Hum".
19.45 **Leikur að eldi.** Stutt mynd eftir handriti Gerðar Gestsdóttur sem hlaut fyrstu verðlaun í handritasamkeppni nefndar um átak í áfengisvörnum. Leikstjóri Hilmar Oddsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Anna,** 3. þáttur. Þýskur framhaldsmyndaflokkur um unga stúlku sem stefnir að frægð og frama í listdansi. Aðalhlutverk Silvia Seidel. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.30 **Á tali hjá Hemma Gunn.** Umsjónarmaður Hermann Gunnarsson. Dagskrárgerð Björn Emilsson.
22.35 **Hringstiginn** (The Spiral Staircase). Bandarísk spennumynd frá árinu 1946. Leikstjóri Robert Siodmak. Aðalhlutverk Dorothy McGuire, George Brent, Ethel Barrymore, Kent Smith og Rhonda Fleming. Þorpsbúar eru skelfingu lostnir þegar morðingi leikur lausum hala í nágrenninu. Þýðandi Óskar Ingimarsson.
00.00 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.35 **Jayne Mansfield.** The Jayne Mansfield Story. Þetta er sannsöguleg mynd sem fjallar um feril leikkonunnar Jayne Mansfield. Aðalhlutverk: Loni Anderson, Arnold Schwarzenegger, Raymond Buktenica og Kathleen Lloyd.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Höfrungavík.** Dolphin Cove. Vönduð framhaldsmynd fyrir alla aldurshópa í átta hlutum. Þriðji hluti.
18.45 **Kjallararokk.**
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt annál ársins.
20.30 **Á besta aldri.** Dagskrá sem tileinkuð er eldri kynslóð áhorfenda okkar. Umsjón og dagskrárgerð: Maríanna Friðjónsdóttir og Helgi Pétursson.
21.00 **Murphy Brown.**
21.25 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller.
22.15 **Cary Grant.** Ævi hans og lífshlaup rakið í máli og myndum.
23.15 **Í ljósaskiptunum.** Twilight Zone.
23.40 **Bobby Deerfield.** Al Pacino leikur kappakstursheţju sem verður ástfangin af stúlku af háum stigum. Ólíkur bakgrunnur og skoðanir á lífinu gerir þeim oft erfitt fyrir þrátt fyrir ástina. Aðalhlutverk: Al Pacino, Marthe Keller, Romolo Valli og Anny Duperey.
1.40 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Þórir Stephensen flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Baldur Már Arngrímsson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Mörður Árnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Ævintýri á jólanótt eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Einn sólarhringur í landi við enda Vetrarbrautarinnar. Guðmundur Ólafsson og Salka Guðmundsdóttir flytja. (2) Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur. 9.30 Landpósturinn – Frá Norðurlandi. Umsjón: Þorkell Björnsson.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Jól í fjósinu,** smásaga eftir Jóhann Bojer. Freysteinn Gunnarsson þýddi. Guðrún Þ. Stephensen les.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hrönn Geirlaugsdóttir (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá miðvikudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Eitt er víst að alltaf verður.... Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Samastaður í tilverunni eftir Málfríði Einarsdóttur. Steinunn Sigurðardóttir les. (11)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Frá Akureyri)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Á jólunum er gleði og gaman.** Umsjón: Arndís Þorvaldsdóttir. (Frá Egilsstöðum) (Endurtekinn þáttur frá jólakvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Ætli gamli stóllinn hennar mömmu megi fara á brennuna? Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Ludvig van Beethoven.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Ævintýri á jólanótt eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Einn sólarhringur í landi við enda Vetrarbrautarinnar. Guðmundur Ólafsson og Salka Guðmundsdóttir flytja. (2) Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni)
20.15 **Frá tónskáldaþinginu í París 1989.** Sigurður Einarsson kynnir verk eftir Miguel Azguime frá Portúgal, Kyung-Kye frá Kóreu og Jukka Koskinen frá Finnlandi.
21.00 **Jólin mín.** Sigrún Björnsdóttir ræðir við Guðmundu Elíasdóttur söngkonu. (Endurtekið frá jóladagsmorgni.)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur íslensk lög, Jónas Ingimundarson leikur með á píanó.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.25 **Sjómannslíf.** Sjöundi þáttur af átta um sjómenn í íslensku samfélagi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað nk. föstudag kl. 15.03.)
23.05 **Englarnir,** smásaga eftir Milan Kundera. Friðrik Rafnsson þýddi. Arnar Jónsson les.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hrönn Geirlaugsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið –** Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Fylgst með og sagðar fréttir af íþróttaviðburðum hér á landi og erlendis. Einnig lýst leik Íslendinga og Norðmanna sem fram fer í Laugardagshöll.
22.07 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Úrvali útvarpað aðfaranótt þriðjudags kl. 5.01.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Jól með Elvis Presley.** Megas heldur upp á jólin með rokkkónginum og leikur nokkur af fjölmörgum jólalögum úr safni hans. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 2.)
3.00 **Sögur af frægum jólalögum.** Skúli Helgason segir frá og kynnir. (Endurtekinn þáttur frá aðfangadegi.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á þjóðlegum nótum.** Þjóðlög og vísnasöngur frá öllum heimshornum.

## RÁS 2 FM 90,1

Útvarp Norðurland kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.



## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Morgunstund.** Sigursteinn Másson og ný vinnuvika. Tekið á málum líðandi stundar. Barnastund og fleira gott.
9.00 **Páll Þorsteinsson** löngu vaknaður. Vinir og vandamenn og besta tónlistin.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir** ennþá í jólakjólnum. Flóamarkaður í 10 mínútur. Afmæliskveðjur milli 14 og 14.30.
15.00 **Ágúst Héðinsson** og það nýjasta í tónlistinni.
17.00 **Haraldur Gíslason** og jólasíðdegisútvarp Bylgjunnar. Rólegt og afslappað síðdegi í anda jólanna. 19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** í uppvaskinu.
20.00 **Haraldur Gíslason** kann tökin á tónlistinni. Halli spilar allt það helsta og svarar í símann 611111. Kl. 20 verður bein lýsing úr Laugardalshöll. Valtýr Björn Valtýsson lýsir leik Íslands og Noregs.
24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** á næturvappi.

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 Bjarni Haukur Þórsson. Ungt fólk í spjalli, öðruvísi fréttir og slúðursögur.
11.00 **Snorri Sturluson.** Ný og fersk tónlist á Stjörnunni. Gleymið ekki hádegisverðarleik Stjörnunnar og Viva-strætó.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Það fer ekkert fram hjá Sigga. Getraunir og spjall við hlustendur.
19.00 **Stanslaus tónlist.** Það eru ennþá jól.
20.00 **Kristófer Helgason.**
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt.

## EFF EMM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.
13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.
16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.
22.00 **Ragnar Már.** „Eru menn ófúsir til að taka undir?"
1.00 **Lifandi næturvakt.**

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

7.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Morgunmaður Aðalstöðvarinnar með fréttir, viðtöl og fróðleik í bland við tónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Ljúf tónlist í dagsins önn með fróðleiksmolum í bland.
12.00 **Að hætti hússins.** Umsjónarmaður Ólafur Reynisson. Uppskriftir, viðtöl og fróðleikur til hlustenda um matargerð. Opin lína fyrir hlustendur.
12.30 **Þorgeir Ástvaldsson.** Létt tónlist í dagsins önn með fróðleik um veður, færð og það sem við þurfum að vita.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.** Þægileg tónlist með léttum fróðleik í bland.
22.00 **Sálartetrið.** Þáttur Inger Önnu Aikman um allt sem viðkemur mannlegu eðli í fortíð, nútíð og framtíð.
24.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
9.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
19.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
20.00 **Downtown.** Framhaldssería.
21.00 **Falcon Crest.** Framhaldsþáttur.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **Figures in a Landscape.** Kvikmynd.



## SKY MOVIES

14.00 **Frog Girl.**
16.00 **The Lone Star Kid.**
18.00 **The Canterville Ghost.**
19.40 **Entertainment Tonight.**
20.00 **Enemy Mine.**
22.00 **The Big Easy.**
23.45 **Cat's Eye.**
01.30 **The Hitchhiker.**
02.00 **Assault on Precinct 13.**
04.00 **Moving Violations.**

## EUROSPORT

9.00 **Tennis.** Keppni landsliða í Ástralíu.
12.00 **Conquer the Arctic.**
13.00 **Showjumping.** Keppni í hestaíþróttum í London.
14.00 **Krikket.** Ástralía–Vestur-Indíur.
15.00 **Snóker.**
16.00 **Golf.** US Masters.
17.00 **Rodeo.**
19.00 **Tennis.** Keppni landsliða í Ástralíu.
21.00 **Blak.** Bestu leikir ársins.
22.00 **Rall.** París–Dakar.
22.15 **16 Days of Glory.** Annar hluti.

## SCREENSPORT

7.00 **Hnefaleikar.**
8.30 **Rugby.** Leikur í ensku deildinni.
10.00 **Golf.** Mazda Championship.
12.00 **Íþróttir á Spáni.**
12.15 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
14.15 **Spánski fótboltinn.** Atletico–Celta.
16.00 **Motorcross.**
16.30 **Körfubolti.** Wake Forest–Seton Hall.
18.00 **Hnefaleikar.**
19.30 **Körfubolti.** North Carolina State–St. Johns.
21.00 **Hnefaleikar.**
22.30 **Listhlaup á skautum.**
24.00 **Powersport International.**



**Karron Graves leikur dótturina Katie Larson í Höfrungavíkinni.**

### Stöð 2 kl. 17.50:

# Höfrungavíkin

Í dag verður sýndur þriðji hluti ástralska framhaldsmyndaflokksins Höfrungavíkin. Fyrsti þátturinn var sýndur á Þorláksmessu, annar í gær og verða þeir svo sýndir á hverjum degi þar til allir átta þættirnir hafa verið sýndir.

Aðalpersónurnar eru þrjár. Vísindamaður, sem hefur atvinnu af að rannsaka höfrunga, og tvö börn hans. Þegar milljónamæringur býður honum freistandi starf við rannsóknarstöð í Ástralíu getur hann ekki hafnað boðinu og fjölskyldan fer á vit mikilla ævintýra í fjarlægu landi.

Þættir þessir eru sannkallaðir fjölskylduþættir fyrir alla aldurshópa, bæði skemmtilegir og spennandi. -HK

### Rás 1 kl. 23.05:

# Englarnir

Tékkneski skáldsagnahöfundurinn Milan Kundera er þekktur hér á landi fyrir síðustu skáldsögu sína, Óbærilegur léttleiki tilverunnar, ekki síst eftir að samnefnd kvikmynd var sýnd hér á landi síðastliðinn vetur.

Smásagan Englarnir, sem frumflutt verður hér á landi í kvöld, kom fyrst út í bókinni Bók hláturs og algleymis 1979. Hún fjallar um tvær amerískar stúlkur sem eru að lesa leikritið Nashyrningarnir eftir Ionesco en inn í þá stöðu fléttar höfundur sjálfsævisögulegri frásögn af brottför sinni frá Prag og hugleiðingu um hláturinn. Þessir þrír meginþræðir vefjast svo um grundvallarspurninguna: Hvað er engill?

Það hefur verið haft eftir Kundera að hann telji þessa sögu eitt af því besta sem hann hefur ritað, þannig að bókmenntaunnendur geta átt góða stund vísa. Friðrik Rafnsson þýddi söguna en Arnar Jónsson les.



**U2 er tvímælalaust einhver vinsælasta hljómsveit í heiminum í dag.**

### Sjónvarp kl. 19.15:

# U2

Ástæða er til að vekja athygli poppunnenda á nýjum tuttugu og fimm mínútna löngum þætti þar sem brugðið er upp svipmyndum af tónleikum hinnar geysivinsælu írsku hljómsveitar, U2, en hana skipa eftirtaldir: söngvarinn Bono, gítarleikarinn The Edge, Adam Clayton og Larry Mullens jr.

Hljómsveitin hefur verið á faraldsfæti síðan í fyrra er þeir hófu hljómleikaferð um Bandaríkin og hefur leiðin legið til Ástralíu, Japans, Frakklands, Vestur-Þýskalands, Hollands og loks heim til Írlands, þar sem síðustu tónleikarnir í þessari törn eru fyrirhugaðir á gamlársdag.

Þátturinn nefnist Lovetown og hefur að geyma átta lög af nýjustu breiðskífu þeirra Rattle and Hum auk tveggja annarra. Tvö laganna, sem flutt verða, eru eftir Bob Dylan en hin eftir þá sjálfa. Meðal gesta sem koma fram með þeim er blúskóngurinn BB King.